

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á téðri flugleið, en jafnframt skylda til að halda uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur að mati ráðuneytisins.

Samgönguráðuneytið, 16. janúar 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík
o. fl. nr. 137 26. júlí 1971.

1. gr.

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Fyrir leyfi samkvæmt 4. gr. skal greiða gjald í borgarsjóð kr. 240.000 á ári. Gjald dagi þess er 15. janúar og 15. júlí ár hvert. Þegar leyfisgjald er greitt fær leyfisskafi greiðsluviðurkenningu, sem geyma ber á sölustað, yfirvöldum til sýnis, ef óskað er.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1938 um samþykktir um lokunartíma sölubúða staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. janúar 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUR

um smíði og búnað íslenskra skipa.

HLUTI J. 9.

Búnaður skipa.

Reglur um legufæri og festar fiskiskipa með mestu lengd
15 m og minni.

1. Almennt.

- 1.1. Eftirfarandi reglur eiga við fiskiskip með mestu lengd 15 m og minni og opna skráningarskylda fiskibáta, sem hafin er smíði á eftir gildistöku þeirra.
- 1.2. Hvert skip og bátur sem fellur undir þessar reglur skal búinn legufærum og festum skv. meðfylgjandi línuriti.
- 1.3. Legufæri og festar skulu vera af viðurkenndri gerð.